

70. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 11.1. 2022, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Undir dagskrárlið 1. voru mættir Ottó Biering Ottósson og Sveinn Torfi Pálsson hjá Íslenskum verðbréfum.

Dagskrá:

1. Ávöxtunarleiðir á sjóðum sveitarfélagsins
2. Samningur um félagsþjónustu
3. Samkomulag um skipulag á Víðivöllum ytri 1
4. Reglur Fljótsdalshrepps um niðurgreiðslur daggæslu í heimahúsum
5. Samningur við Skógarafurðir
6. Minjasafn Austurlands
7. Samningur um deiliskipulagssvæði við Hengifoss
8. Fundargerðir:
 - a. Byggingarnefndar 17.12.2021
 - b. Samfélagssjóðs 7.12.2021
 - c. Samfélagsnefndar 6.12.2021
 - d. Stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga 10.12.2021
 - e. Feraðaklasa Upphéraðs 16.12.2021
 - f. Heilbrigðinefndar Austurlands 1.12.2021
 - g. Almannaþingarnefndar Austurlands 13.12.2021
9. Ársalir ársreikningar 2020
10. Erindi til leigufélags Bríet varðandi Ársali
11. Skýrsla sveitarstjóra
12. Önnur mál

1. Ávöxtunarleiðir á sjóðum sveitarfélagsins

Ottó Biering Ottósson og Sveinn Torfi Pálsson hjá Íslenskum verðbréfum kynntu fyrir sveitarstjórn starfsemi félagsins og þá ávöxtunarmöguleika sem í boði eru fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjóra falið að setja sig í sambandi við Landsbankann og fá samsvarandi kynningu frá honum.

2. Samningur um félagsþjónustu

Sveitarstjóra falið að skoða nokkur atriði í samningnum betur og eftir það verður málið tekið aftur upp í sveitarstjórn.

3. Samkomulag um skipulag á Víðivöllum Ytri 1

Varðar samkomulag á milli landeigenda Víðivalla Ytri 1 og Vilhjálms Skúlasonar eiganda sumarbústaðalóðar þar um skipulags- og veglagningarmál. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið og samþykkir sveitarstjórn að taka að sér vinnu og kostnað vegna lokafrágangs við gerð deiliskipulags á Víðivöllum Ytri 1.

4. Reglur Fljótsdalshrepps um niðurgreiðslur daggæslu í heimahúsum

Samningur samþykktur.

5. Samningur við Skógarafurðir

Sveitarstjórn samþykkir samning við Skógarafurðir um kaup á efni frá fyrirtækinu.

6. Minjasafn Austurlands

Upplýst hefur verið að vilji Múlapings stendur til að slíta byggðasamlaginu um rekstur Minjasafns Austurlands. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps er mótfallin því og vill koma áfram að rekstri og stjórnun safnsins ekki síst í ljósi þess að safnið var fyrst til húsa á Skriðuklaustri í Fljótsdal frá 1945 þar til safnkosturinn var fluttur í geymslur á Egilsstöðum 1976. Safnið er samofið menningarsögu Fljótsdælinga og margt góðra gripa í því á uppruna sinn í Fljótsdal. Framtíð safnsins skiptir því Fljótsdalshrepp máli. Sveitarstjóra er falið afla meiri upplýsinga um hver stefna Múlapings sé varðandi framtíð safnsins og mögulega aðkomu Fljótsdalshrepps að rekstrinum áfram, jafnframt því að skoða hvort koma megi hluta safnkostsins fyrir í Fljótsdal.

7. Samningur um deiliskipulagssvæði við Hengifoss

Búið er að skrifa undir samning vil landeigendur (ríkið). En hann er um aðgengi sveitarfélagsins að deiliskipulagssvæði í landi Hjarðarbóls.

8. Fundargerðir:

a. Byggingarnefndar 17.12.2021

Fundargerð staðfest.

b. Samfélagssjóðs 7.12.2021

Fundargerð kynnt.

c. Samfélagsnefndar 6.12.2021

Fundargerð kynnt.

d. Stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga 10.12.2021

Fundargerð kynnt.

- e. **Ferðaklasi Upphéraðs 16.12.2021**
Fundargerð kynnt.
 - f. **Heilbrigðinefndar Austurlands 1.12.2021**
Fundargerð kynnt.
 - g. **Almannavarnarnefndar Austurlands 13.12.2021**
Fundargerð kynnt.
- 9. Ársalir ársreikningar 2020**
Ársreikningur kynntur.

10. Erindi til leigufélags Bríet varðandi Ársali

Varðar erindi Ársala til Leigufélagsins Bríetar um yfirtöku Bríetar á Ársölum bs. Kynnt.

11. Skýrsla sveitarstjóra

Orkugarðar Austurlands. Oddviti og sveitarstjóri hafa átt í viðræðum um verkefnið við Maradvisors sem eru ráðgjafar við undirbúning að Orkugarði Austurlands. Til stendur að forsvarsaðailar garðsins og sveitarstjórn ræði um frekari framvindu verkefnisins á næstu dögum. Orkugarðurinn hefur til skoðunar að hefja vetnisframleiðslu á Reyðarfirði og kallar það á aukna orkuframleiðslu.

Sveitarstjóri hefur átt í viðræðum með arkitektum Sniddu og samþykkt var að fá stofuna til aðstoðar við skilmálagerð deiliskiplags byggðakjarna.

Útisturtuklefi í Laugafelli. Lagðar fram tillögur að honum ásamt útisalernum sem teiknaðar eru af Steingrími Karlssyni. Ákveðið að vísa málinu til frekari skoðunar hjá sveitarstjóra og byggingarfulltrúa.

12. Önnur mál

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:10

Lárus ritaði fundargerð í tölvu